

IV/6.1

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	RLS
Skýrslu gerir Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-0086	
Staður og stund: Reykjavík – þriðjudaginn 1. apríl 2003. Klukkan 13:20.		
Sakarefni: Ætluð umboðssvik, brot á hlutafélagalögum, lögum um ársreikninga ofl.		
Sakborningur/grunaður: Óskar Magnússon	Kennitala: 130454-5699	
Starf/staða: Forstjóri Íslandssíma og fyrrverandi stjórnarformaður Baugs hf.	Vinnusími: 595-5000 / 821-1336	
Lögheimili: Sámsstaðabakki, Rangárþingi eystra	Sími:	
Dvalarstaður: Smáraflöt 49, Garðabæ	Sími: 565-7371	

Óskar er mættur til yfirheyrslu samkvæmt boðun. Honum er kynnt að verið sé að rannsaka þau atriði sem snúa að ætluðum ólögmeætum lánveitingum af hálfu stjórnenda Baugs hf. Bæði er um að ræða almennar lánveitingar til stjórnenda félagsins og lánveitingar til hlutafjárkaupa í félaginu.

Fyrir liggur að Óskar Magnússon var starfandi stjórnarformaður Baugs frá 7. júlí 1998 til 31. desember 1999. Gögn frá Hlutafélagaskrá eru fyrir hendi. Óskari er kynnt að bornar verða undir hann lánveitingar til stjórnenda félagsins á því tímabili sem hann starfaði þar sem stjórnarformaður, sem og þær lánveitingar sem skráðar eru á viðskiptamannareikning Óskars.

Rannsóknin beinist að því að upplýsa hvort framin hafi verið umboðssvik skv. 249. gr. almennra hegningarlaga og/eða brot á 104. gr. laga um hlutafélög nr. 2, 1995.

Rannsóknin beinist einnig að því að upplýsa hvort framin hafi verið brot á 36. og 43. gr. laga um ársreikninga nr. 144, 1994, svo og ákvæði reglugerðar nr. 696 frá 1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Óskari er kynnt að honum sé ekki skylt að svara spurningum um sakarefnið en fyrir honum brýnt að skýra satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kanna að skipta. Þá er Óskari kynntur réttur hans sem sakbornings að fá skipaðan verjanda vegna málsins.

Óskar kveðst þekkja þessi réttarfarsákvæði og kveðst ekki óskað eftir skipun verjanda að svo stöddu.

**Lánveitingar til starfsmanna, framkvæmdastjóra og stjórnenda Baugs og undirfyrirtækja:**

Óskar er beðinn að gera grein fyrir lánveitingum til framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda Baugs sem færð voru á viðskiptareikninga lántakendanna og mótfærslur bókaðar á lykllana "lán til framkvæmdastjóra" og "eigendur og stjórnendur-safn".

Óskar kveðst ekki kannast við neinar heimildir til lánveitinga til stjórnenda eða eigenda félagsins þann tíma sem hann starfaði þar sem stjórnarformaður. Hann kveðst því ekki kannast við að neinar samþykktir hafi verið gerðar varðandi slíkar lánveitingar og kveðst ekki minnst þess að hafa komið að neinum slíkum lánveitingum.

Óskar er spurður hverjir hafi verið framkvæmdastórar í félaginu á hans starfstíma þar.

Óskar segir að Jón Ásgeir Jóhannesson hafi verið forstjóri Baugs hf á þessum tíma og Tryggvi Jónsson hafi verið aðstoðarforstjóri. Varðandi framkvæmdastjóra innan félagsins þá segir Óskar að eftirfarandi aðilar hafi verið framkvæmdastjórar innan rekstrarsviða Baugs hf. Það hafi verið Finnur Árnason

*[Handwritten signature]*

07241 *[Handwritten initials]*

framkvæmdastjóri Nýkaups, Jón Björnsson framkvæmdastjóri Hagkaupa, Þórður Þórisson framkvæmdastjóri 10-11 verslananna, Guðmundur Marteinsson framkvæmdastjóri Bónus og Lárus Óskarsson framkvæmdastjóri Aðfanga. Óskar segir þessa aðila hafa borið starfstílinn framkvæmdastjóri en kveðst ekki vita hvort þeir hafi verið tilkynntir til Hlutafélagaskrár sem framkvæmdastjórar, þeir hafi allir starfað undir stjórn Jóns Ásgeirs, forstjóra Baugs hf og hafi skipurit Baugs verið alveg skýrt um það.

**Lánveitingar bókaðar á #67910 "lán til framkvæmdastjóra":**

Skv. bókhaldi Baugs hf. höfðu eftirtaldir framkvæmdastjórar fengið lán hjá félaginu sem bókuð voru á fyrrgreindan lykil á árunum 1998 og 1999:

Ásta Bjarnadóttir	kr. 1.655.700
Finnur Árnason	kr. 298.530
Guðmundur Gunnarsson	kr. 1.500.000
Jóhann Haukur	kr. 1.500.000
Steinþór Þórðarson	kr. 1.650.000

Óskar er spurður hver hafi tekið ákvarðanir um þessar lánveitingar og beðinn að gera að öðru leyti grein fyrir þeim.

Óskar kveðst ekki hafa komið nálægt þessum lánveitingum sjálfur og kveðst ekkert kannast við þær.

Óskar er spurður hvort lánveitingar þessar hafi verið gerðar með samþykki stjórnar Baugs hf.

Óskar segir svo ekki vera. Ekkert af þessum lánveitingum hafi verið bornar undir stjórn Baugs hf þann tíma sem hann hafi starfað þar sem stjórnarformaður.

Óskar vill þó taka það fram að einugis Finnur Árnason hafi verið með starfstílinn framkvæmdastjóri af þessum aðilum sem hér hafa verið nefndir og þegið lánveitingar frá Baugi. Hann segir að Ásta Bjarnadóttir hafi verið starfsmannastjóri og Steinþór Þórðarson starfað undir henni. Þá hafi Guðmundur Gunnarsson verið öryggisstjóri Baugs hf og Jóhann Haukur séð um tölvumálin hjá Baugi.

Óskar er spurður hvort þessar lánveitingar hafi verið heimilar og hvaða heimildir hafi þá verið fyrir hendi.

Óskar kveðst ekki hafa heyrt um þessar lánveitingar áður og þær hafi ekki verið heimilaðar af honum né stjórn félagsins þann tíma sem Óskar starfaði þar.

Óskar er spurður á hvaða kjörum þessi lán hafi verið veitt, þ.m.t. vaxtakjörum.

Óskar kveðst ekkert vita um þau kjör, hann viti yfir höfuð ekkert um þessi lán.

Óskar er spurður hvers vegna þessara lánveitinga hafi ekki verið getið í ársreikningi eða skýringum með ársreikningi fyrir rekstrarárin 1998 og 1999, sbr. lög um ársreikninga.

Óskar kveðst ekki kunna neina skýringu á því. Hann viti ekki ástæðu þess að ekki hafi verið getið um þessar lánveitingar í ársreikningum félagsins. Óskar tekur það fram að hann hafi ekki áritað ársreikninga félagsins fyrir árið 1999, Hreinn Loftsson hafi gert það en hann hafi tekið við sem stjórnarformaður um áramótin 1999-2000.

**Lánveitingar til einstakra eigenda og stjórnenda sem bókaðar voru á #74310 "Eigendur og stjórnendur - safn:****Óskar Magnússon, stjórnarformaður:**

Lánveiting til Óskars Magnússonar að fjárhæð kr. 4.000.000 vegna kaupa á bifreiðinni ZY-617, sem fært var á viðskiptareikning hans 31.12.1999. Lánið var afskrifað við með starfslokasamningi við Óskar dags. 31.12.2000.

Óskar er beðinn að gera grein fyrir þessari lánveitingu.

Óskar kveðst ekki muna nákvæmlega eftir öllum atriðum varðandi þessi bifreiðaviðskipti. Hann kveðst þó nú vera að rifja þetta upp eins og hann best muni eftir þessu.

Óskar segir eftir því sem hann muni best hafa verið með ákvæði um það í sínum starfssamningi við Baug hf að hann mætti kaupa þá bifreið sem hann hefði haft til umráða hjá félaginu á bókfærðu verði að frádregnum 30% eða 40%. Óskar kveðst telja að þetta ákvæði hafi einnig verið í starfslokasamningi hans, en hann er þó ekki viss um það.

Í öllu falli hafi verið farið eftir þessum ákvæðum í starfssamningi og kveðst Óskar hafa keypt þessa bifreið á þessum kjörum. Hann segir að gengið hafi verið frá afsali og tryggingum og öllu tilheyrandi yfir á nafn Óskars. Um tímasetningar á þessu kveðst hann ekki treysta sér til að segja nákvæmlega um það hér og nú. Hann kveðst þó muna að hann hafi keypt bifreiðina af Baugi hf. við starfslok og bifreiðin þá verið hans eign.

Óskar segir það koma honum algjörlega á óvart að þessi bifreiðaviðskipti hafi verið færð í bókhaldi Baugs hf sem lánveiting til hans og kveðst aldrei hafa vitað af þessum færslumáta á þennan hátt. Enda kveðst hann yfir höfuð ekki hafa vitað af því að verið væri að veita lán til eigenda eða stjórnenda og hvað þá að skráð hafi verið lán á hann sjálfan með þessum hætti.

Hvað varðar greiðslur hans til Baugs hf vegna þessara bifreiðaviðskipta þá kveðst Óskar telja sig muna að það hafi verið jafnað út við starfslokasamning hans við Baug hf. Þ.e. kaupverð bifreiðarinnar hafi dregist frá greiðslum til hans samkvæmt starfslokasamningi. Óskar tekur það fram að hann sé ekki með starfslokasamninginn fyrir framan sig við þess yfirheyrslu og geti því ekki vísað beint í hann. Hann kveðst þó telja að þessi bifreiðaviðskipti hafi verið gerð upp með þeim hætti sem hann hafi hér lýst.

Óskar kveðst aðspurður halda að frágangur á þessum málum hafi farið í gegnum Tryggva Jónsson, aðstoðarforstjóra Baugs.

Óskar er spurður hvers vegna þessarar lánveitingar hafi ekki verið getið í ársreikningi eða skýrslu stjórnar fyrir rekstrarárið 1999 eins og kveðið er á um í 43. gr. laga um ársreikninga.

Óskar kveðst vísa í fyrra svar sitt hvað það varðar. Hann geti ekki engu við það bætt.

**Jón Björnsson, framkvæmdastjóri Hagkaupa frá 1998 til des. 2000**

Lánveiting til Jóns Björnssonar dags. 10.06.1999 að fjárhæð kr. 5.100.000. Greiðslan var bókuð á viðskiptareikning Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, forstjóra en þegar farið var ofan í þann viðskiptareikning við rannsókn lögreglu hafi innri endurskoðandi Baugs hf, Auðbjörg Friðgeirsdóttir gefið þær skýringar að um misbókun hafi verið að ræða og færslan leiðrétt og færð á viðskiptamannareikning Jóns Björnssonar.




Óskar er spurður hvort hann hafi vitað af þessari lánveitingu eða hvort þessi lánveiting hafi verið gerð með vitund og/eða heimild hans eða stjórnar Baugs.

Óskar kveðst ekkert kannast við þetta. Hann kveðst ekki minnst neinnar heimildar stjórnar Baugs hf varðandi þessa lánveitingu frekar en aðrar lánveitingar til eigenda eða stjórnenda félagsins. Þannig kveðst Óskar ekki hafa komið að þessari lánveitingu með nokkrum hætti.

**Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group hf. 07.07. 1998 til 03.06. 2002**

Frammi liggur hreyfingalisti og fylgiskjöl á bak við færslur á viðskiptareikningi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar.

Staða reikningsins er eftirfarandi:

31.12. 1998	221.298
31.12. 1999	7.048.346

Ætluðum ólögðum lánveitingum til Jóns Ásgeirs, sem bókaðar eru á viðskiptareikning hans, hefur verið skipt í nokkra megin flokka en þrír þeirra ná inn á það tímabil sem Óskar var stjórnarformaður Baugs hf.:

Greiddir reikningar	frá janúar 1999
Greiddir greiðslukortareikningar	frá desember 1998
Beinar lánveitingar	frá júní 1999

Fyrir liggja sundurliðaðir listar sem fylgja skýrslu endurskoðenda RLS á bak við hvern lið fyrir sig.

Óskar er fyrst spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þessar lánveitingar og þessa stöðu á viðskiptareikningi Jóns Ásgeirs.

Óskar segir að honum hafi ekki verið kunnugt um þessar lánveitingar til Jóns Ásgeirs. Þessar lánveitingar hafi aldrei verið ræddar innan stjórnar Baugs hf.

Óskar er spurður hvaða heimildir Jón Ásgeir eða aðrir stjórnendur Baugs hf. hafi haft til þess að láta færa lánveitingar á viðskiptareikninga sína hjá félaginu.

Óskar kveðst ekki minnst þess að stjórn Baugs hf hafi nokkurn tíma samþykkt það að heimila stjórnendum eða eigendum Baugs hf að stofna til viðskiptareikninga hjá félaginu færa þar inn lánveitingar. Engar slíkar heimildar hafi verið til staðar, eftir því sem hann best viti.

Óskar er spurður hvort í gildi hafi verið einhverjar reglur varðandi lánveitingar til stjórnenda Baugs hf. eða færslur á viðskiptareikninga þeirra.

Ekki hafi verið samdar neinar starfsreglur varðandi þessar hluti, heldur hafi átt að starfa eftir landslögum. Hins vegar hafi stjórn Baugs hf samið reglur um viðskipti Baugs hf við tengd félög. Aðalinntakið í þeim reglum hafi verið að öll slík viðskipti þyrfti að bera undir stjórn Baugs hf.

Óskar er spurður hvort hann geti gert grein fyrir lánveitingu til Jóns Ásgeirs að fjárhæð kr. 1.100.000 sem bókuð var á viðskiptareikning hans og lykil #74310 þann 2. júní 1999.

Óskar kveðst ekkert vita um þessa lánveitingu. Hann hafi ekkert komið að þessu máli, né haft vitneskju um það.

Óskar er spurður hvort þessara lánveitinga hafi einhvern tímann verið getið í gerðarbók stjórnar Baugs eins og skylt er skv. 8. mgr. 104 gr. laga um hlutafélög.

Óskar ítrekar að engar lánveitingar til eigenda eða stjórnenda Baugs hf hafi verið ræddar af stjórn Baugs hf og kveðst hann telja að stjórninni hafi almennt séð ekki verið kunnugt um þessar lánveitingar.

Óskar er spurður hvers vegna þessarar lánveitingar forstjórans var ekki verið getið í ársreikningum, árshlutareikningum eða skýrslum stjórnar Baugs fyrir árin 1998 og 1999.

Óskar vísar í fyrra svar sitt varðandi ársreikninga Baugs hf.

#### **Fjárfestingafélagið Gaumur ehf.**

Óskari er kynntur kafli 3.1. í greinargerð endurskoðenda RLS varðandi lánveitingar til Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. Óskari er kynntur sá kafli sem snýr að viðskiptamannareikningi Gaums ehf

Óskar er spurður hvort hann hafi vitað af þessum lánveitingum.

Óskar kveðst ekki kannast við neitt af þessum lánveitingum Baugs hf til Gaums ehf. Hann kveðst ekki hafa vitað af þessum lánveitingum og hafi aldrei verið fjallað um neitt af þessum lánveitingum af stjórn Baugs hf og stjórnin aldrei heimilað neinar þeirra.

Óskar tekur það fram að honum hafi verið kunnugt um það að fyrirtæki í eigu Gaums ehf hafi verið í viðskiptum við Baug hf. Það hafi verið settar reglur um slík viðskipti eins og Óskar kveðst þegar hafa skýrt frá. Ekkert af þeim viðskiptum skýri þær færslur sem komi fram á þessu yfirliti yfir viðskiptamannareikning Gaums ehf hjá Baugi hf.

Óskar er spurður hver hafi tekið ákvarðanir um að veita Gaumi ehf þessi lán.

Óskar kveðst ekki vita það hver af stjórnendum Baugs hf hafi tekið ákvarðanir um þessar lánveitingar. Hann tekur það fram að hann sé að sjá þetta í fyrsta skipti við þessa skýrslutöku. Engin heimild hafi verið til staðar af hálfu Óskars eða stjórnar Baugs hf.

Óskar er spurður hvort gerðar hafi verið athugasemdir af hálfu stjórnar Baugs við þessar lánveitingar og stöðu Gaums ehf gagnvart Baugi hf.

Óskar kveðst ekki minnst þess að þessar lánveitingar hafi nokkurn tíma verið ræddar svo hann viti. Hann tekur það fram að ef fjallað hefði verið um þessar lánveitingar þá væru til bókanir um það, svo sé hins vegar ekki enda þetta aldrei borist til stjórnar Baugs.

Óskar er spurður hvers vegna þessara lánveitingar hafi ekki verið getið í árshluta- eða ársreikningum eða skýrslum stjórnar Baugs hf. fyrir árin 1998 og 1999.

Óskar kveðst ekki kunna skýringu á því og vísar til fyrra svars hvað þetta varðar.

#### **Kaupþing hf.**

Staða viðskiptareiknings Kaupþings hf. í bókhaldi Baugs hf. var kr. 204.066.853.- þann 28. ágúst 2002 þegar gerð var húsleit á starfsstöð Baugs og bókhaldskerfi félagsins afritað. Kaupþing hf. er einn af stærstu hluthöfum í Baugi hf.

07245

Lánveiting til Kaupþings hf. þann 30.06.1999 að fjárhæð kr. 330.764.000,-. Þann 07.07.1999 var sú lánveiting færð niður um kr. 165.382.000,-.

Óskar er spurður hvort stjórn Baugs hf. hafi verið kunnugt um þessar lánveitingar eða um þær fjallað á einhvern hátt.

Óskar tekur það fram að á þessum tíma hafi verið mikil viðskipti við Kaupþing, aðallega vegna hlutafjárútboðs Baugs hf. Hann segir þessar færslur því ekki vera það skýrar í hans huga að hann geti gert nákvæma grein fyrir þeim viðskiptum sem lágu þar að baki. Hann kveðst því ekki treysta sér til þess að svara því afdráttarlaust hvort eitthvað tengt þessum lánveitingum hafi komið inn á borð hjá stjórn Baugs hf.

**Jón Gerald Sullenberger, framkvæmdastjóri Nordica:**

Samkvæmt bókhaldi Baugs hf. fékk Jón Gerald lán hjá Baugi vegna hlutabréfakaupa í félaginu kr. 4.350.000,- á árinu 1999. Engir vextir hafa verið reiknaðir á skuldina frá því að hún var fyrst bókuð og engar greiðslur hafa borist frá Jóni Gerald á móti þessari kröfu.

Óskar er spurður hvort hann hafi haft vitneskju um þessa lánveitingu.


Óskar kveðst ekki þekkja til þessa mál og aldrei verið upplýstur um neina slíka lánveitingu til Jóns Geralds vegna hlutafjárkaupa í Baugi hf. Hann segir stjórn Baugs hf aldrei fjallað um þessa lánveitingu frekar en aðrar lánveitingar til eigenda eða stjórnenda Baugs hf. Þessi lánveiting hafi ekki verið heimiluð af stjórn Baugs hf frekar en aðrar þær lánveitingar sem undir hann hafi verið bornar við þessa yfirheyrslu, með fyrirvara um þessar færslur á Kaupþing eins og komið hafi fram.

Óskar er spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta við lok yfirheyrslunnar.


Óskar kveðst nú ekkert fleira hafa um málið að segja.

Skýrslutöku lauk kl. 15<sup>00</sup>


Staðfest rétt eftir haft:

  
Óskar Magnússon

Skýrsluna skráði:

  
Sveinn I. Magnússon

Viðstaddur þegar Óskar las yfir skýrsluna, játaði efni hennar rétt eftir haft og undirritaði hana:

  
\_\_\_\_\_

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA Sakborningur/grunaður	R L S	
Skýrslu gerir Grímur Grímsson lögreglufulltrúi		Mál nr. 006-2002-0086	IV/62
Staður og stund: Skrifstofa efnahagsbrotadeildar RLS, þriðjudaginn 24. maí 2005, kl. 13:32.			
Sakarefni: Brot gegn lögum um bókhald, ársreikninga og 158. gr. og 262. gr. alm, hgl. 19/1940.			
Sakborningur/grunaður: Óskar Magnússon		Kennitala: 130454-5699	
Starf/staða: Forstjóri		Vinnusími: 515 2000	
Lögheimili: Sámstaðabakki, 861 Hvolsvöllur		Sími: 487 8145	
Dvalarstaður: Smáraflöt 49, Garðabæ		Sími: 565 7371/669 1336	

Óskar Magnússon er mættur á skrifstofu efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjórans til yfirheyrslu hjá lögreglu, samkvæmt boðun. Óskar var stjórnarformaður Baugs hf. frá 7. júlí 1998 til 30. desember 1999.

Óskari er kynnt að vegna ráðstöfunar fjármuna Baugs og færslum í bókhald félagsins sé hann, við yfirheyrsluna, með réttarstöðu sakbornings.

Óskari er kynnt tilefni yfirheyrslunnar sem varðar meint brot forsvarsmanna Baugs hf. gegn lögum um bókhald, ársreikninga og 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Óskari er kynnt að honum sé óskýlt að svara spurningum um það sem honum er gefið að sök, sbr. 3. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra máls nr. 19/1991. Brynt er fyrir Óskari að kjósi hann að tjá sig um sakarefnið að segja þá satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

Óskari er kynntur réttur hans, á öllum stigum máls, til að ráða, á sinn kostnað, lögmann til að gæta réttar hans og halda uppi vörnum sem talsmaður, sbr. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 19/1991. Jafnframt er Óskari kynntur réttur hans, sbr. 1. mgr. 35. gr. sömu laga þess efnis að hann geti óskað eftir því að fá skipaðan, af dómara, verjanda vegna rannsóknar málsins.

Óskar kveðst aðspurður skilja tilefni yfirheyrslunnar og tilvitnuð réttarfarsákvæði. Óskari segir að hann þurfi, á þessu stigi, ekki aðstoð verjanda.

Viðstödd yfirheyrsluna og þátttakandi í henni er Aldís Hilmarsdóttir lögreglufulltrúi.

Fyrir Óskar er lögð úboðs- og skráningarlýsing Baugs frá apríl 1999 en þar kemur fram að eigin hlutabréf Baugs séu að nafnvirði 10 milljónir króna og eign Kaupthing Bank Luxembourg sé að nafnvirði 40 milljónir króna.

Óskar er spurður hver hafi séð um gerð þessarar úboðs- og skráningarlýsingar Baugs frá apríl 1999.

Óskar segir að það muni hafa verið FBA og Kaupþing.

Óskar er spurður hver hafi unnið að úboðs- og skráningarlýsingunni fyrir hönd Baugs hf.

Óskar segir að, eins og hann muni best, hafi þarna komið að hann sjálfur, Tryggvi Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson, væntanlega starfsfólk af fjármálasviði félagsins og endurskoðendur félagsins. Óskar segir að undir Tryggva Jónsson aðstoðarforstjóra hefðu heyrt mál sem vörðuðu fjárhagsmálefni félagsins.

072470u

Óskar er spurður hvort útboðs- og skráningarlýsing Baugs í apríl 1999 sé rétt hvað varðar eigendur hlutafjár í félaginu og eigin félagsins á eigin hlutabréfum.

Óskar segir að á þeim tíma sem útboðs- og skráningarlýsingin hafi verið gerð hafi hann talið hana rétta. Óskar kveðst telja að fljótlega eftir útboðið hafi Baugur átt 40 milljónir króna, að nafnvirði, í sjálfum sér. Við gerð útboðslýsingarinnar hafi Kaupthing verið skráð fyrir sams konar hlut og kveðst Óskar telja að það hafi verið rétt lýsing miðað við þær upplýsingar sem honum hafi verið gefnar á þeim tíma.

### Vörslureikningur hjá Kaupthing Bank Luxembourg.

Óskari er kynnt eftirfarandi færsla úr bókhaldi Baugs:

Færsla nr. 9281 dags. 30.06.1999 með texta: „Hlutabréf í Baugi seld Kaupþingi“

Lykill	Heiti lykils	Debet.	Kredit
V560882-0419	Kaupþing	330.764.000,00	
F 73112	Biðreikningur		330.764.000,00

Um er að ræða færslu til eignar á viðskiptareikningi Kaupþings hf. sem byggir á fylgiskjali (skjal málsins nr. II/45.2.2.1) sem er handskrifað bréf, ódagsett og óundirritað en þar segir um færsluna: „Kaup á eigin bréfum.(gamall samningur)“, „Baugur kaupir 5% í Baugi og fær lán hjá FBA“, „413.455.006.- Biðreikningur“, „Selur Kaupþingi 4/5 hlut 330.764.000 út af biðreikn. D/viðskm. KP“.

Óskari er kynnt að efnahagsbrotadeild hafi borist greinargerð innri endurskoðunar Baugs þann 14. janúar 2003 (skjal málsins nr. II/15.11.2) sem var svar við bréfi RLS dags. 19. nóvember 2002. (skjal málsins nr. II/15.7). Í greinargerðinni kemur fram: „Um miðjan júní 1999 voru seld hlutabréf að nafnverði kr. 20.000 þús. á genginu 6,24 út af fjárvörslureikningi Baugs hjá Kaupþingi Luxembourg.“

Óskari er einnig kynnt að efnahagsbrotadeild hafi borist greinargerð Hreins Loftssonar stjórnarformanns Baugs dags. 28. maí 2004 (skjal málsins nr. II/43.11.1) sem var svar við bréfi RLS dags. 19. maí 2004. (skjal málsins nr. II/15.6). Í greinargerðinni kemur fram: „... lögðu eigendur félagsins af hlutafé sínu 4% alls hlutafjár inn á reiknings hjá Kaupthing Luxembourg, sbr. vörslusamning frá 14. október 1998.“

Þá er Óskari kynntur framburður Magnúsar Guðmundssonar forstjóra Kaupthing Bank Luxembourg sem hann gaf við skýrslutöku hjá lögreglu dags. 15 apríl 2005 (skjal málsins IV/48.6). Magnús sagði í framburði sínum þegar hann var beðinn um að lýsa viðskiptum á milli Kaupthing Bank og Baugs á fyrri hluta árs 1999 með 4% hlutafjár í Baugi að nafnverði 40.000.000,00: „Magnús segir að upphaflegi tilgangurinn hafi verið að KL myndi vera vörsluaðili hlutabréfanna sem nota átti til að uppfylla kaupréttarákvæði lykilstarfsmanna Baugs. Hlutverk KL í þessum viðskiptum hafi verið það að taka að sér vörslu bréfanna.“

Óskari er kynnt að samkvæmt ofangreindum greinargerðum svo og framburði Magnúsar Guðmundssonar hafi ekki verið um ræða sölu Baugs á eigin hlutabréfum til Kaupþings dags. 30. júní 1999 eins og fram kemur í bókhaldi félagsins heldur hafi verið um að ræða færslu bréfanna inn á vörslureikning Baugs hjá Kaupþings Bank Luxembourg.



Óskar er beðinn um að skýra hvers vegna varsla eigin hlutabréfa Baugs hjá Kaupthing Bank Luxembourg hafi verið færð sem sala hlutabréfanna frá Baugi til Kaupþings og færð krafa á viðskiptareikning Kaupþings hjá Baugi.

Óskar segir að honum sé algerlega ókunnugt um þessa færslu í bókhaldi Baugs. Óskar kveðst ekkert kannast við sölu hlutabréfa í Baugi til Kaupþings Bank Luxembourg í júní 1999. Óskar ítrekar sitt fyrra svar þess efnis að hann hafi ekki vitað betur en Kaupthing Bank Luxembourg hafi haft 4% hlutafjár í Baugi í vörslum sínum fyrir Baug.

Fyrir Óskar er lagt fylgiskjal nr. II/45.2.2.1 og hann spurður hver hafi útbúið skjalið.

Óskar kveðst ekki vita það.

Óskar er beðinn um að skýra það sem fram kemur á fylgiskjalinu.

Óskar kveðst ekki geta skýrt neitt það sem fram kemur á þessu skjali.

Óskar er spurður hvort að stjórn Baugs hafi verið gerð grein fyrir því að eigin hlutabréf Baugs, sem nota átti til að mæta kaupréttum stjórnenda Baugs í samræmi við starfssamninga, hafi verið færð til vörslu hjá Kaupthing Bank Luxembourg.

Óskar segir að reki ekki minni til þess að stjórn hafi sérstaklega verið gerð grein fyrir því að bréfin væru vörsluð í Luxembourg en kveðst telja að stjórn félagsins hafi verið kunnugt um að Baugur ætti bréf í sjálfum sér til að mæta kaupréttum. Óskar segir að varslan sem slík í Luxemborug hafi ekki verið mál sem ástæða hafi verið til að ræða sérstaklega í stjórn.

Óskari er kynnt eftirfarandi færsla úr bókhaldi Baugs:

**Færsla nr. S005114 dags. 07.07.1999 með texta: „Kaupþing“**

Lykill	Heiti lykils	Debet.	Kredit
V560882-0419	Kaupþing		165.382.000,00
B 77	SPRON	165.382.000,00	

Um er að ræða færslu sem byggð er á fyrirmælum um færslur á bókhaldslykla samkvæmt fylgiskjali (skjal málsins nr. II/45.2.3) sem er handskrifað bréf, ódagsett og óundirritað en með áprentuðu nafni Tryggva Jónssonar. Greiðslan er framkvæmd með millifærslu af vörslureikningi Baugs í Luxembourg inn á tékkareikning Baugs hjá SPRON í gegnum bankareikning Kaupthing Bank Luxembourg hjá SPRON (1100-15-454080).

Óskar er spurður hvort hann kannist við fylgiskjal nr. II/45.2.3 og hver hafi útbúið það. Fylgiskjalið er lagt fyrir Óskar.

Óskar segir að hann kannist ekkert við þetta fylgiskjal né þá reikninga sem nefndir eru.

Óskar er beðinn um að skýra fyrirmælin sem fram koma á fylgiskjalinu.

Óskar kveðst ekki geta skýrt þessi fyrirmæli.

Óskari er kynnt að samkvæmt bókhaldi Baugs hafi Kaupþing greitt Baugi þann 7. júlí 1999 helming þeirrar kröfu sem stofnaðist við sölu eigin hlutabréfa Baugs til Kaupþings þann 30. júní 1999. Óskar er spurður hvort hann kannist við þessa ráðstöfun.

Óskar segir að hann kannist ekkert við þessa færslu.

Óskari er kynnt að Magnús Guðmundsson hafi við yfirheyrslu hjá lögreglu dags. 16. apríl 2005 (skjal málsins nr. IV/48.7) sagt þegar hann var spurður um greiðslu að fjárhæð kr. 165.382.000 frá Kaupthing Bank Luxembourg til Baugs dags. 7. júlí 1999 að um sé að ræða greiðslu af vörslureikningi Baugs í Luxembourg til Baugs hf. á Íslandi sem myndað hafi yfirdrátt á vörslureikningnum.

(sbr. skjal málsins nr. II/44.4.1.6)

Óskar er beðinn um að taka afstöðu til þessa framburðar Magnúsar.

Óskar segir að honum sé þetta algerlega ókunnugt og hann þekki ekki til neins vörslureiknings Baugs hjá Kaupthing Bank í Luxembourg. Óskar segir að þegar hann hafi vísað til þess fyrr í þessari skýrslu að Kaupthing Bank í Luxembourg hefði haft vörslur hlutabréfa í Baugi fyrir Baug hafi hann einfaldlega átt við handhöfn bréfanna hjá Kaupthing Bank í Luxembourg en ekki að þau væru á sérstökum reikningi eða það færu fram einhver fjármálaviðskipti í gegnum einhvers konar vörslureikning hjá Kaupthing Bank í Luxembourg.

Óskari er kynntur stofnsamningur vörslureiknings Baugs hjá Kaupthing Bank í Luxemboug (Account opening form – skjal málsins nr. II/36.3.1) dags. 14. október 1998, undirritað af Tryggva Jónssyni fyrir hönd Baugs.

Óskar segir að þessi skjöl hafi hann aldrei séð áður og ekki tekið þátt í neinum umræðum um að stofna slíkan reikning né hafi það verið rætt í stjórn Baugs hf.

Óskar er spurður hvort Tryggvi Jónsson hafi haft heimild til að stofna vörslureikning hjá Kaupthing Bank í Luxembourg.

Óskar segir að hann telji að Tryggvi hafi haft fulla heimild til þess og slíkt verið á hans verksviði.

Óskari er kynnt að í greinargerð innri endurskoðunar Baugs dags. 14. janúar 2003 (skjal málsins nr. II/15.11.2) komi fram: „Um miðjan júní 1999 voru seld hlutabréf að nafnverði kr. 20.000 þús. á genginu 6,24 út af fjárvörslureikningi Baugs hjá Kaupþingi Luxembourg. (Sjá confirmation 23<sup>rd</sup> July 1999). Samkvæmt forstjóra félagsins var hér um að ræða nýtingu hluta kaupréttar til handa æðstu stjórnendum, þeim Óskari Magnússyni, Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og Tryggva Jónssyni. Keypti Óskar hlutabréf að nafnverði kr. 10.000 þús. en þeir Jón Ásgeir og Tryggvi kr. 5.000 þús. hvor.“

Óskari er einnig kynnt að í greinargerð Hreins Loftssonar stjórnarformanns Baugs dags. 28. maí 2004 (skjal málsins nr. II/43.11.1) komi fram: „Seldir voru samtals 20 milljón hlutir á markaðsgengi, sem var um 10,0. Mismunur markaðsverð og kaupréttar var 75,2 milljónir króna þar sem kaupréttargengið var 6,24 skv. ákvæðum starfssamninganna [...]. Þessi fjárhæð skiptist þannig milli þeirra: Óskar nýtti sér kauprétt vegna 10 milljóna hluta, Jón Ásgeir vegna 5 milljóna hluta og Tryggvi vegna 5 milljóna hluta. Voru þessar greiðslur lagðar inn á reikninga þeirra hjá bankanum.“

Óskari eru kynnt eftirtalin gögn sem voru haldlögð við hútleit lögregluyfirvalda í Luxembourg hjá Kaupthing Bank Luxembourg sem fram fór í apríl 2004:

Staðfesting Kaupthing Bank Luxembourg til Baugs hf. dags. 23.7. 1999 um sölu hlutabréfa í Baugi hf. að nafnverði kr. 20.000.000 á genginu 6,24, kaupdagur 15.6. 1999 ásamt söluskipun,

Kaupskipun Kaupthing Bank Luxembourg dags. 15.6. 1999 sem sýnir kaup Terra á hlutabréfum í Baugi hf. að nafnverði kr. 10.000.000 á genginu 6,24 ásamt útprentun á yfirliti af vörslureikningi Terra Worldwide nr. 00. 400 035 sem sýnir kaup Terra Worldwide á ofangreindum bréfum fyrir kr. 62.400.000 og innborgun vegna sölu sömu hlutabréfa fyrir kr. 100.000.000,

Kaupskipun Kaupthing Bank Luxembourg dags. 15.6. 1999 sem sýnir kaup Tryggva Jónssonar á hlutabréfum í Baugi hf. að nafnverði kr. 5.000.000 á genginu 6,24 ásamt útprentun á yfirliti af vörslureikningi Tryggva Jónssonar nr. 00. 100 223 sem sýnir kaup Tryggva Jónssonar á ofangreindum bréfum fyrir kr. 31.200.000 og innborgun vegna sölu sömu hlutabréfa fyrir kr. 50.000.000,

Kaupskipun Kaupthing Bank Luxembourg dags. 15.6. 1999 sem sýnir kaup Jón Ásgeirs Jóhannessonar á hlutabréfum í Baugi hf. að nafnverði kr. 5.000.000 á genginu 6,24 ásamt útprentun á yfirliti af vörslureikningi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar nr. 00. 100 127 sem sýnir kaup Jóns Ásgeirs Jóhannessonar á ofangreindum bréfum fyrir kr. 31.200.000 og innborgun vegna sölu sömu hlutabréfa fyrir kr. 50.000.000,

Bankafærslur hjá Kaupthing Bank Luxembourg, dags. 15.6. 1999 sem sýna sölu Baugs hf. á eigin bréfum að nafnverði kr. 20.000.000 og kaup Óskars Magnússonar, Tryggva Jónssonar og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar á sömu bréfum.

(skjöl málsins II/44.4.1, II/44.4.1.1, II/44.4.1.2, II/44.4.1.3, II/44.4.1.4)

Óskar er beðinn um að skýra hvað ofangreind gögn úr Kaupthing Bank Luxembourg sýna með hliðsjón af ofangreindum skýringum Auðbjargar og Hreins.

„Hvað varðar kauprétt minn þá tel ég að Tryggvi Jónsson hafi skilið mig svo að ég kysi að nýta hann og tilkynnt það til Kaupthing Bank í Luxembourg þar sem þessi eigin bréf Baugs voru varðveitt í þessu skyni. Kaupthing Bank Luxembourg annaðist síðan kaup og sölu bréfanna og greiddi mér mismuninn. Hvað varðar hina kaupréttina, þ.e. Tryggva Jónssonar og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar þá þekki ég ekki til þeirra mála. Mér er ekki kunnugt um að neinar greiðslur vegna þessa hafi komið af einhverjum sérstöku vörslureikningi Baugs hjá Kaupthing Bank.“

Óskar er kynnt að af bankagögnunum megi sjá að hann sjálfur, Tryggvi Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson hafi keypt hlutabréf í Baugi á genginu 6,24 og fengið þau hlutabréf af vörslureikningi félagsins hjá Kaupthing Bank í Luxembourg. Þeir hafi síðan selt sömu hlutabréf samdægurs á genginu 10,0.

Óskar segir að hann geri ráð fyrir að formið sé þannig að hann hafi keypt hlutabréf á genginu 6,24 og selt strax aftur á genginu 10,0 og fengið með þessum viðskiptum mismun kaup- og söluverðs.

Óskar er spurður hvort gögn þau sem fyrir hann hafa verið lögð og aflað var við húsleit lögregluþyrvalda í Luxembourg hjá Kaupthing Bank Luxembourg sýni að hann, Tryggvi Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson hafi verið að nýta kauprétt í hlutabréfum í Baugi samkvæmt starfssamningum þeirra.

Óskar segir að hann hafi verið að nýta kauprétt samkvæmt ákvæðum í starfssamningi hans og honum virðist sem sama sé að gerast hjá Tryggva og Jóni Ásgeiri án þess að hann þekki ákvæði þeirra starfssamninga hvað varðar kauprétti nákvæmlega.

Óskar er spurður hvort að hann geti framvísað kaupnótum vegna þessara viðskipta sinna.

Óskar segir að hann geti ekki framvísað kaupnótum vegna þessara viðskipta og segir aðspurður að verið geti að hann hafi fengið kaupnótur sem hann hafi ekki haldið til haga í öll þessi ár sem liðin eru frá nýtingu kaupréttarins.

Óskar er spurður hvort hann hafi sjálfur séð um úrvinnslu þessara viðskipta.

Óskar segir að eins og fram hafi komið hafi Tryggvi Jónsson sennilega tilkynnt um að hann ætlaði að nýta kauprétt samkvæmt starfssamningi og Kaupthing séð um úrvinnslu viðskiptanna.

Óskar er spurður hvort umrædd kaup hans á hlutabréfum í Baugi hafi verið tilkynnt til hlutaskrár félagsins.

Óskar segir að kaup og sala hafi farið fram samtímis og sennilega hafi kaup hans ekki verið tilkynnt til hlutaskrár Baugs.

Óskar er spurður hvernig þessi viðskipti hafi verið skráð hjá Baugi hf.

Óskar segir að hann þekki þetta ekki en segir að hlutabréfaeign félagsins hefði átt að minnka í sama mæli og kaupréttir voru nýttir.

Óskar er spurður hvernig því hafi verið komið til skila í bókhaldi Baugs hf. að þessir þrír lykilstarfsmenn félagsins hafi verið að nýta sér kauprétt í hlutabréfum Baugs hf. dags. 15. júní 1999.

Óskar kveðst vænta þess að það hafi verið gert eins og bar að gera með bókhald yfir höfuð.

Óskar er spurður hvort stjórn Baugs hafi verið kunnugt um að hann, Tryggvi Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson hafi nýtt sér rétt sinn til kaupa á hlutabréfum í Baugi samkvæmt starfssamningum þeirra.

Óskar segir að hann minnst þess ekki að þessa hafi verið getið sérstaklega á stjórnarfundum félagsins.

Óskar er beðinn um að greina frá hvaða kauprétti hann, Tryggvi Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson hafi átt í hlutabréfum í Baugi samkvæmt starfssamningum.

Óskar segir að hann minni að hann hafi átt rétt til að kaupa 1,5% hlutafjár í Baugi á genginu 6,2. Hvað varðar kauprétti Jóns Ásgeirs og Tryggva þá kveðst hann ekki muna þá en segir að þeir hafi verið með öðrum hætti en hans. Óskar segir að kaupréttur hans hafi ekki verið afkomutengdur enda hafi verið um að ræða yfirfærslu á réttindum sem samkomulag varð við við sölu á Hagkaupi. Óskar segir að hann minni að kaupréttir Jóns Ásgeir og Tryggva hafi verið afkomutengdir.

Óskari er kynnt að samkvæmt starfssamningum Óskars, Tryggva og Jóns Ásgeirs hafi þeir átt kauprétti að hlutabréfum í Baugi eins og fram kemur í töflunni hér að neðan:

Heimild til nýtingar kaupréttar ->	Ár 1998 í þkr	Ár 1999 í þkr	Ár 2000 í þkr	Ár 2001 í þkr	Ár 2002 í þkr
Jón Ásgeir Jóhannesson	5.000	5.000	5.000		
Óskar Magnússon	5.000	5.000	5.000		
Tryggvi Jónsson	1.024	2.244	2.244	2.244	2.244

Óskar er spurður í ljósi kaupréttarheimilda Tryggva Jónssonar hvers vegna Tryggvi hafi keypt hlutabréf í Baugi að nafnverði 5.000.000 á kaupréttargenginu 6,24 skv. starfssamningum.

Óskar segir að honum hafi ekki verið kunnugt um að Jón Ásgeir og Tryggvi væru að nýta kauprétti. Þeir hafi ekki tilkynnt honum það. Óskar kveðst aðspurður ekki vita til að Tryggva hafi verið gefið leyfi til að nýta kauprétt fyrir fram og kveðst ekki hafa gefið slíkt leyfi.

Óskar er spurður hvenær kaupréttir samkvæmt starfssamningum hafi orðið virkir fyrir hvert ár.

Óskar segir að hann treysti sér ekki til að fullyrða þetta en segir að verið geti að það hafi verið í upphafi hvers árs.

**Færsla nr.S005128 dags. 08.07.1999 með texta: „Kaupþing“**

Lykill	Heiti lykils	Debet.	Kredit
F 73112	Biðreikningur	21.582.000,00	
B 77	SPRON		21.582.000,00

Um er að ræða færslu, sem færð er til eignar á „Biðreikningur“ og byggð á fyrirmælum um færslur á bókhaldslykla samkvæmt fylgiskjali (skjal málsins nr. II/45.2.4) sem er handskrifað bréf, ódagsett og óundirritað en með áprentuðu nafni Tryggva Jónssonar. Greiðslan er framkvæmd með millifærslu af tékkareikningi Baugs hjá SPRON í gegnum bankareikning Kaupþing Bank Luxembourg hjá SPRON (1100-15-454080) inn á vörslureikning Baugs í Luxembourg (skjal málsins nr. II/44.4.1.5).

Óskar er beðinn um að skýra hvað sé á bak við ofangreinda færslu í bókhaldi Baugs.

Óskar kveðst ekki þekkja neitt til þessarar greiðslu.

Óskari er kynnt að svo virðist sem verið sé að eignfæra fjármuni á biðreikningi þó um sé að ræða millifærslu á milli eigin bankareikninga.

Óskar segir að honum sé alls ókunnugt um þessa færslu og geti ekki skýrt hana.

#### **Tölvupóstur Tryggva Jónssonar.**

Óskari er nú kynnt að við rannsókn á tölvu Tryggva Jónssonar sem lagt var hald á við húsleit lögreglu í höfuðstöðvum Baugs hf. 28. ágúst 2002 hafi fundist tölvupóstssamskipti á milli Tryggva Jónssonar og Magnúsar Guðmundssonar forstjóra Kaupþing Bank Luxembourg.

Tölvupósturinn verður nú borinn undir Óskar. (póstur nr. 1 í samantekt rannsóknara, skjal málsins nr. II/45.1)

Óskar er spurður hvort hann kannist við efni þessa pósts.

Óskar segir að hann þekki ekki efni þessa pósts né þau viðskipti sem þar er greint frá. Óskar segir að sú lýsing sem fram kemur í lið 3 í tölvupóstinum geti átt við nýtingu hans á kauprétti sem verið hefur til umfjöllunar í þessari yfirheyrslu.

Undir Óskar er borinn tölvupóstur frá Magnúsi Guðmundssyni til Tryggva Jónssonar, dags. 6.7. 1999. (póstur nr. 2 í samantekt rannsóknara, skjal málsins nr. II/45.1)

Óskari er kynnt að í þessum pósti virðist Magnús vera að svara hugmynd Tryggva úr tölvupóstinum frá 22.6. 1999 en í póstinum koma fram tillögur Magnúsar að því hvernig greiðslum skuli háttáð á milli Kaupthing Bank í Luxembourg og Baugs.

Óskar er beðinn um að taka afstöðu til þessa.

Óskar segir að eins og fram hafi komið fyrr sé honum ókunnugt um allar þessar ráðagerðir og þessi viðskipti.

Lögð eru fyrir Óskar gögn úr bókhaldi Baugs (skjal málsins nr. II/45.2.22). Um er að ræða færslur L0079 og S005340 ásamt fylgiskjölum.

Óskar er spurður hvort þarna sé um að ræða fyrstu mánaðarlegu greiðsluna sem rætt er um í tölvupósti Tryggva og Magnúsar.

Óskar kveðst ekki kannast við þetta og vísar til fyrra svars að öðru leyti.

Óskar er beðinn um að skýra texta reikningsins frá Kaupthing Bank í Luxembourg.

Óskar kveðst ekki geta útskýrt þennan texta.

Óskar er spurður hvort að hann viti hvert framhald greiðslna Baugs til Kaupthing Bank í Luxembourg hafi verið, m.t.t. tölvupóstssamskipta Tryggva og Magnúsar.

Óskar kveðst ekki vita um upphaf þeirra, feril né endi.

Óskari er nú kynnt að rannsóknarar hafi lokið formlegri yfirheyrslu.


Óskar er spurður hvort hann vilji bæta einhverju við varðandi efni það sem hann hefur verið yfirheyrður um í dag.

„Ég vil gjarnan áréttta að mér var fullkomnlega ókunnugt um þann vörslureikning sem fjallað er um í skýrslutökunni, stofnun hans og notkun. Greiðslur vegna kaupréttar míns sem munu hafa farið í gegnum þennan reikning var mér því ókunnugt um að hefðu farið þá leið og allar greiðslur til mín eru samkvæmt samningum mínum við félagið.“


Óskar les nú yfir framburð sinn.

Skýrslutöku lokið kl. 16<sup>10</sup>

Upplesið staðfest rétt eftir haft:

  
Óskar Magnússon

Skýrsluna skrifaði:

  
Grímur Grímsson

Þáttakandi í yfirheyrslu:

  
Aldís Hilmarsdóttir lögreflufulltrúi